

Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 16. apríl, kl. 9:00 var haldinn 1768. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Nings ehf., kt. 680406-3160, dags. 13. mars 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Nings) að Suðurlandsbraut 6, F2241537, rými 03 0102. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Kansas ehf., kt. 611222-0330, dags. 10. apríl 2024 um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Saffran) að Fákafeni 11, F2023443, rými 01 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn MN2015 ehf., kt. 680921-0590, dags. 13. mars 2024, um starfsleyfi fyrir ísbúð (Ísbúðin Háaleiti) að Háaleitisbraut 58-60, F2014635, rými 01 0113. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Múlakaffi ehf., kt. 660772-0229, dags. 26. janúar 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús, veisluþjónustu og framleiðslu á súrmat (Múlakaffi) að Hallarmúla 2, F2227736, rými 01 0104. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. febrúar 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 6. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Refsins ehf., kt. 551105-1050, um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu í flokki II, tegund; skyndibitastaður (Fish & Chips vagninn) að Grandagarði 19, F2000152, rými 03 0101.
Samþykkt að veita neikvæða umsögn, með vísan til 14. gr. *reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*, þar sem fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2024.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 10. apríl 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kansas ehf., kt. 611222-0330, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Saffran) að Fákafeni 11, F2023443, rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.

7. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 12. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn L41 ehf., kt. 680621-0120, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá ásamt útiveitingum (Vintage Bar) að Laugavegi 41b, F2004755, rými 04 0301.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn með fyrirvara um leyfi landeiganda. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Starfsleyfi í gildi til 3. október 2035.
8. Lögð fram umsókn Pole-project ehf., kt. 600912-0700, dags. 16. júní 2023, um starfsleyfi fyrir dansskóla (Erial Pole) að Hallgerðargötu 23, F2507542, rými 01 0103. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börnum eða fullorðunum 6 eða fleiri.*
9. Lögð fram umsókn Snyrtistofunnar Lótus slf., kt. 561214-1900, dags. 13. mars 2024, um starfsleyfi fyrir hárgreiðslu- og snyrtistofu (Lótus Beauty & Hair) að Hallgerðargötu 19, F2369805, rými 01 0101-B. Ný starfssemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi.*
10. Lögð fram umsókn Emma Beauty slf., kt. 680121-2060, dags. 17. maí 2023, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Mjóddin snyrtistofa) að Álfabakka 12, F2238884, rými 01 0105. Breyting á húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi.*

Fundi slitið 10:07

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir